



Anna-Lind Pétursdóttir og Kristín Helga Guðjónsdóttir

Pör að læra saman í leikskóla

Reynsla starfsfólks af *K-PALS*

► Um höfunda ► Efnisorð

K-PALS (e. *Kindergarten Peer-Assisted Learning Strategies*) er kennslunálgun sem felur í sér samvinnunám og aðferðir til að efla hljóðkerfisvitund, hljóðabekkingu og umskráningarfærni barna. Börnin vinna í þörum eftir kynningu kennara á verkefnum. Markmið með þessari rannsókn var að fá innsýn í reynslu starfsmanna í leikskólum af *K-PALS*, hvernig þeim hefði gengið að nota aðferðirnar, áhrif þeirra á börnin, helstu kosti og galla að þeirra mati og hvort þeim þætti bein kennsla af þessu tagi eiga heima í íslensku leikskólaumhverfi. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við þrettán starfsmenn fimm leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Allir starfsmenn sem unnu með *K-PALS* í þessum leikskólum buðu sig fram í viðtal. Tíu þeirra voru leikskólakennarar, tveir grunnskólakennarar og einn hafði aðra menntun. Viðtölin voru hljóðrituð, skrifuð upp og gögnin greind í efnisflokkka. Almennt var reynsla viðmælenda af *K-PALS* jákvæð þótt sumir hefðu verið neikvæðir í byrjun og innleiðing aðferðanna hafi stundum reynt á. Viðmælendum þótti *K-PALS* hafa jákvæð áhrif á undirstöðu lestrarfærni, samvinnu og samskipti barnanna og lýstu greinilegum framförum hjá börnunum og ánægju þeirra með *K-PALS*. Fram komu hugmyndir um nýjar útfærslur á innleiddum aðferðum en á heildina litið töldu viðmælendur *K-PALS* henta vel sem viðbót við læsisumhverfi í íslenskum leikskólum.

Kindergarten Peer-Assisted Learning Strategies: Staff's perception of using K-PALS in preschool

► About the authors ► Key words

Reading is a fundamental skill of great importance for success in modern society. Difficulties in reading tend to become apparent early and more difficult to remediate over time (Juel, 1988; Scarborough, 1998; Snow, Burns, & Griffin, 1998). Thus, it is essential to start building a strong foundation for reading during the early years of schooling. *Kindergarten Peer-Assisted Learning Strategies* or *K-PALS* (Fuchs, Fuchs, Thompson et al, 2001) is a peer tutoring program designed to teach phonological awareness, beginning decoding, and word recognition to students aged 5–6 years. These skills have been demonstrated to be important for effective beginning reading programs (National Reading Panel, 2000). In *K-PALS*, phonological awareness is taught through teacher-directed activities called *Sound Play* where the focus is on rhyme, isolating first and ending sounds in words, blending and segmenting. Decoding and word recognition is taught through activities called *Sounds and Words*, where the focus is on letter sounds, sight words, segmenting and blending. Guided by a detailed *K-PALS* manual, teachers introduce the activities to the whole class,

modeling the tasks of the „coach“ with the students being „readers“. Later, students work together in pairs, guided by K-PALS worksheets, alternating as coach and reader (Fuchs et al., 2013).

Research has shown K-PALS to have beneficial effects on children's beginning reading skills (e.g. Fuchs, Fuchs, Thompson et al., 2001; Fuchs et al., 2002), but teachers' perception of the activities remains to be explored. In Icelandic preschools, play is considered the main learning method for children and little emphasis has been on explicit instruction in beginning reading skills. The aim of this study was to research how preschool staff in Iceland perceive the use of K-PALS.

Participants were twelve teachers and one paraprofessional at five preschools in the capital region of Iceland. The majority of participants had been teaching in preschool for 12 or more years and had two or more years of experience using K-PALS. The second author conducted semi-standardized interviews separately for each participant in their workplace. The interviews were recorded and transcribed verbatim, analyzed and categorized into themes. Interview responses revealed that participants had a generally positive perception of using K-PALS.

A few participants described initial difficulties implementing K-PALS, such as fitting it into the schedule, learning to follow the manual and engaging students in the activities. Two participants reported that their view on K-PALS had been negative in the beginning because the program seemed complicated and too structured for use in preschools where they felt that the main emphasis should be on play. However, these teachers also described how their attitude towards K-PALS became gradually more positive upon seeing that the children liked it and made progress in beginning reading skills.

All participants were unanimous on the positive effects of K-PALS and described significant improvements, not only on the preschoolers' beginning reading skills, but also their self-esteem, social skills and interactions with others. This was even reported to be the case with children identified at-risk for reading difficulties based on screening, although a few children seemed to need a more individualized teaching approach.

Despite some participants' predictions to the contrary, nearly all preschool children reportedly enjoyed K-PALS. All participants stated that they conducted K-PALS activities exactly as described in the manual, albeit changing wording slightly to maintain children's attention. All planned to continue using K-PALS in some way, the majority in its original form. Some wanted to make adjustments to K-PALS, such as using more pictures or games, and a few wanted to use it less often per week. A few mentioned that they would like to use other activities along with K-PALS, seemingly unaware of the fact that K-PALS is not meant to be a stand-alone program but designed as a supplement to conventional teaching methods (McMaster, Fuchs, & Fuchs, 2007). Based on these findings it is concluded that K-PALS can be a beneficial addition to current preschool practices in Iceland and despite initial negative attitudes toward such structured teaching methods, preschool teachers might become more positive upon trying them.

Inngangur

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og upphaf formlegrar menntunar. Þar á að veita börnum tækifæri til uppbyggilegra samskipta og til að öðlast skilning á merkingu ritaðs máls. Læsi er einn af grunnþáttum menntastefunnar hérlendis eins og sjá má í *Aðalnámskrá leikskóla*: „Þótt þeim verkfærum, sem nota má í skólasterfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrr skiptir það miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni ...“ (Mennta- og menningar-

málaráðuneytið, 2011, bls. 17). Þá segir í *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99):

Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

Sá sem ekki nær tökum á lestri snemma á skólagöngunni getur átt í vandræðum með allt bóklegt nám út skólagönguna. Langtímarannsóknir hafa sýnt miklar líkur á því að nemendur sem eiga erfitt með lestrarnám í 1. bekk haldi áfram að eiga í lestrarerfiðleikum í efri bekkjum (Juel, 1988; Scarborough, 1998) nema til komi árangursrík kennsla. Hægt er að fyrirbyggja eða draga úr slíkum erfiðleikum með því að huga að stöðum lestrarnámsins með markvissum hætti í leikskóla og upphafi grunnskóla (Coyne, Kame'enui, Simmons og Harn, 2004). Mikilvægt er að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir í leikskóla til að mæta ólíkum þörfum innan barnahópsins þannig að sem flestir fái góðan grunn fyrir áframhaldandi lestrar- og bóklegt nám í grunnskóla. Í leikskólum hérlendis eru notaðar margvíslegar leiðir til að skapa örvandi málumhverfi og stuðla að læsi í víðum skilningi í gegnum leik og skapandi starf. Áherslan hefur verið á læsisörvun með óformlegum hætti, svo sem með sýnilegu ritmáli, upplestri úr bókum, vísnum, rími og leikjum (Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2013), þó að svo virðist sem notkun formlegri kennsluaðferða sé að aukast (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, 2011). Ein þeirra er *K-PALS* (e. *K-PALS, Kindergarten Peer-Assisted Learning Strategies*) og felur í sér skipulegt námsefni sem börn vinna með í pörum í framhaldi af innlögn kennara. Markmiðið með þessari rannsókn var að fá innsýn í reynslu leikskólustarfsfólks af þeirri kennsluaðferð sem viðbót við aðrar aðferðir og hvernig hún þykir falla að íslensku leikskólaumhverfi.

Kennsla í undirstöðum lesturs

Samkvæmt einfalda lestrarlíkaninu (e. *simple view of reading*, Hoover og Gough, 1990) felst lestur einkum í málskilningi og umskráningu. Málskilningur felur í sér þekkingu á merkingu tungumáls og er ásamt málproska og málnotkun undirstöðupáttur í lestrarnámi. Umskráning er hæfnin til að greina hljóð stafa og tengja saman í orð. Til að ná tökum á lestri þurfa börn kennslu sem nær til allra undirþátta lesturs, sem samkvæmt bandaríska lestrarráðinu (National Reading Panel, 2000) eru orðaforði, hljóðkerfisvitund, umskráning, lesfimi og lesskilningur. Undirstöðupáttur í lestrarnáminu er hljóðkerfisvitund, sem er vitneskjan um að orð eru búin til úr smærri einingum, hljóðungum (Snow, Burns og Griffin, 1998; National Reading Panel, 2000).

Umfangsmikil úttekt á lestrarrannsóknum (National Reading Panel, 2000) sýndi að mikilvægt er að nota hljóðaaðferð til að kenna samband stafa og hljóða og umskráningu orða. Áhrifaríkast er ef aðferðinni er beitt snemma (í 1. bekk eða fyrr) á kerfisbundinn (e. *systematic*) og beinan (e. *explicit*) hátt (Ehri, Nunes, Stahl og Willows, 2001; Mesmer og Griffith, 2005), með því að kenna samhljóð, sérhljóð og hljóðasambönd markvisst í tiltekinni röð (Ehri o.fl., 2001). Með „beinum“ hætti merkir að kenna fyrst stök hljóð og síðan að tengja þekkt hljóð saman í orð og setningar (Mesmer og Griffith, 2005). Markmiðið er að umskráning verði sjálfvirk svo lesandi geti einbeitt sér að því að skilja textann. Því oftast er orð er lesið, því fyrr festist það í sjónminninu og auðveldara verður að kalla fram mynd af því, sem er forsenda fyrir fyrirhafnarlausum og sjálfvirkum lestri (Booth og Swartz, 2004; Ehri o.fl., 2001).

PALS

Peer-Assisted Learning Strategies (PALS) er kennsluskipulag sem einkennist af samvinnunámi þar sem nemendur vinna í pörum samkvæmt tilteknum leiðbeiningum (Fuchs,

Fuchs, Thompson o.fl., 2001). *PALS* er ætlað að vera viðbót við aðrar kennsluáðferðir til að gefa kennurum fleiri verkfæri til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp, virkja nemendur í kennslustund og bæta námsárangur í lestri og stærðfræði (McMaster, Fuchs og Fuchs, 2007). Upphaflega voru *PALS*-lestraraðferðirnar þróaðar fyrir nemendur í 2.–6. bekk grunnskóla en síðar fyrir leikskóla, 1. bekk og unglíngastig (Fuchs, Fuchs, Thompson o.fl., 2001). *PALS* hefur á íslensku verið kallað *Þör Að Læra Saman* og kennsluæfni þess hefur verið þýtt, staðfært og innleitt á Íslandi að frumkvæði Sérfræðingateymis í samfélagi sem lærir (SÍSL) (Fuchs o.fl., 2013; Hulda Karen Daniélsdóttir, 2015).

Í lestrarkennslu með *PALS* er lögð áhersla á hljóðkerfisvitund, umskráningu, lesfimi og lesskilning. *Kindergarten-PALS* (*K-PALS* eða *Krakka-PALS*) er ætlað fimm til sex ára börnum og felur meðal annars í sér skipulega hljóðaaðferð. Námsæfnið skiptist í 70 æfingar, annars vegar hljóðaleiki sem þjálfar hljóðkerfisvitund og hins vegar umskráningarverkefni sem kenna hljóðabekkingu og umskráningu (Fuchs o.fl., 2013, McMaster o.fl., 2007). Hljóðaleikirnir fela í sér hljóðgreiningu, rím, tengingu hljóða í orð og sundurgreiningu orða í hljóð. Umskráningarverkefnin eru ferns konar: Verkefni nefnd *Hvaða hljóð?* þar sem segja á hljóð stafanna, *sjónorð* þar sem börnin læra að þekkja algeng orð, *hljóðakassar* þar sem hljóð eru tengd saman í orð og *lestur setninga og bóka* þar sem börnin lesa stuttar setningar og einfaldar bækur. Verkefnin eru flest sett fram á vinnublöðum, sem börnin nota til að leiðbeina hvert öðru og merkja við broskarla sem tengjast stigagjöf og viðurkenningu fyrir góða frammistöðu (Fuchs o.fl., 2013).

Mælt er með að nota *K-PALS* í 20 til 30 mínútna lotum þrisvar til fjórum sinnum í viku með hliðsjón af handbók þar sem kennslustundum er lýst. Fyrstu vikunnar notar kennarinn sýnikennslu til að þjálfar börnin í vinnubrögðum sem þau síðan beita í verkefnavinnu með hvert öðru (Fuchs o.fl., 2013; McMaster o.fl., 2007). Jafnframt heldur kennarinn áfram að nota sýnikennslu í upphafi hvernar lotu þegar lögð eru inn ný verkefni sem börnin vinna síðan í þörum. Kennari parar börn saman eftir stöðu í lestrarnámi (svo sem hljóðabekkingu) þannig að „getumeiri“ og „getuminni“ börn vinni saman. Einnig þarf að taka tillit til þess hvernig börnum gengur að vinna saman og endurskoða samsetningu para á nokkurra vikna fresti (McMaster o.fl., 2007). Í *K-PALS*-verkefnum byrjar getuminna barnið að lesa og getumeira barnið er „þjálfari“ sem fylgist með og veitir „lesara“ endurgjöf (e. *feedback*) með því að hrósa fyrir góða frammistöðu og leiðrétta ef þörf er á. Börnin skipta um hlutverk í hverjum *K-PALS*-tíma þannig að allir fá að vera þjálfarar og lesarar. Kennarinn gengur á milli barnanna, fylgist með ástundun þeirra og veitir endurgjöf (Fuchs o.fl., 2013).

Rannsóknir hafa sýnt að *K-PALS* styður betur við lestrarfærni byrjenda en aðrar nálganir, líka hjá börnum í áhættu fyrir lestrarerfiðleika eða með þroskafrávik (Fuchs, Fuchs, Thompson o.fl., 2001; Fuchs o.fl., 2002). Hérlandis hafa komið fram svipuð áhrif. Í nýlegri meistararannsókn Kristínar Svanhildar Ólafsdóttur voru borin saman áhrif *K-PALS* og annarra kennsluáðferða leikskóla á hljóðkerfisvitund, stafa- og hljóðabekkingu, stafa- og hljóðafimi og umskráningarfærni leikskólabarna (Kristín Svanhildur Ólafsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir, 2014). Í ljós kom að börnin sem fengu kennslu með aðferðum *K-PALS* tóku meiri framförum á öllum þessum þáttum nema fimi í heitum bókstafa.

Líkt og í tilviki flestra kennsluáðferða eru einstaka nemendur sem ekki taka framförum með *K-PALS* (Fuchs o.fl., 2002). Þó ætti fjöldi verkefna og fjöldi para sem vinnur saman í *K-PALS* að gera kleift að velja verkefni sem hæfa mismunandi getustigi barna á hverjum tímamarki. Einnig getur kennsluæfni *K-PALS* nýst við einstaklingsmiðuð inngrip eins og fram kom í rannsókn Önnu-Lindar Pétursdóttur og félaga (2009). Þar var *K-PALS*-æfni notað í stuðningskennslu barna sem þurftu meiri sýnikennslu, hvatningu og/eða markmiðssetningu til að taka framförum í lestrarnáminu. Börnin fengu 20 til 30 mínútna þjálfun

einu sinni til fjórum sinnum í viku í 10 til 15 vikur og náðu að lokum þeim færnimarkmiðum sem stefnt var að fyrir öll börnin.

Reynsla kennara af *K-PALS*

Engar formlegar rannsóknir á upplifun eða reynslu kennara af *K-PALS*-aðferðum virðast hafa farið fram. Þó fannst viðtal við einn kennara um notkun *K-PALS* með fimm ára nemendum (Fuchs, Fuchs, Al Otaiba o.fl., 2001) og viðtal við annan kennara um beitingu *PALS* með þriðjubekkingum (Fuchs, Fuchs og Burish, 2000) í greinum um áhrif aðferðanna á lestrarfærni nemenda. Einnig hefur reynsla kennara af stýrðri kennslu (Bessellieu, Kozloff og Rice, 2008) og samvinnunámi (t.d. Gillies og Boyle, 2008) verið metin, en þær aðferðir eiga margt sameiginlegt með *K-PALS*.

Í grein Fuchs, Fuchs, Al Otaiba og félagar (2001) er viðtal við kennara um reynslu hans af notkun *K-PALS* með fimm ára nemendum. Að sögn kennarans reyndist börnunum auðvelt að læra að nota *K-PALS*-aðferðirnar og með þeim lærðu þau ekki eingöngu lestur, heldur einnig samvinnu og að fylgja leiðbeiningum. Börnunum líkuðu aðferðirnar vel og fannst sérstaklega spennandi að ná tókum á lestrarfærni. Kennarinn sagði skipulag og endurteknar æfingar *K-PALS* festa hljóðin í sessi og gera nemendum kleift að lesa, líka nemendum með frávik í námi, en þeir þyrftu meiri æfingu en aðrir nemendur. Fuchs og félagar (2000) lýstu svipaðri reynslu kennara 3. bekkjar af notkun *PALS* með fjölbreyttum nemendahópi. Kennaranum fannst *PALS* gagnast vel við að styðja nám og samvinnu nemenda með mismunandi getu en mælti með góðu skipulagi í kringum framkvæmdina, að fylgjast vel með nemendum og vera óspar á hvatningu til að auka úthald og árangur.

Bessellieu og félagar (2001) könnuðu upplifun 83 kennara af *stýrðri kennslu* (e. *direct instruction*) sem líkt og *K-PALS* felur í sér skýrt kennsluskipulag, skriflegar leiðbeiningar fyrir kennara og tilbúið námsefni. Kennararnir reyndust almennt ánægðir með stýrða kennslu og sögðu hana hafa jákvæð áhrif á nemendur og skila miklum framförum, ekki síst þeim slakari, bæði í lestri og á öðrum sviðum, svo sem auknu sjálfstrausti. Margir nefndu að þægilegt væri að fylgja leiðbeiningum um framkvæmd kennslunnar og að minni tími færi í að skipuleggja kennslustundirnar því námsefnið væri skýrt og aðgengilegt. Fimm kennarar nefndu erfiðleika tengda stýrðri kennslu en að sögn höfunda mátti skýra þá með því að ýmist var verið að nota of auðvelt eða of erfitt námsefni við kennsluna (Bessellieu o.fl., 2001).

Í rannsókn Gillies og Boyle (2008) á reynslu sjö kennara á unglíngastigi af *samvinnunámi* kom fram að kennurum fannst samvinna getuminni og getumeiri nemenda mikilvæg þar sem hún hafði jákvæð áhrif á nám og hjálpsemi beggja hópanna. Allir viðmælendurnir nefndu að góð samvinna kæmi ekki af sjálfu sér, heldur þyrfti að þjálfar nemendur í góðum vinnubrögðum og samskiptum. Einnig kom fram að hrós, sérstaklega frá félögum hefði mikið að segja og gæti jafnvel aukið sjálfstraust nemenda (Gillies og Boyle, 2008).

Markmið rannsókna

Rannsóknir hafa sýnt jákvæð áhrif af *K-PALS* á hljóðkerfisvitund og undirstöðulestrarfærni fimm ára barna (Fuchs, Fuchs, Thompson o.fl., 2001; Fuchs o.fl., 2002) en formleg athugun á upplifun eða reynslu kennara af aðferðunum hefur ekki farið fram. Þessi rannsókn beindist að því að meta reynslu nokkurra leikskólastarfsmanna á Íslandi af notkun *K-PALS* með elsta árgangi í leikskóla. Hérlandis hefur ekki verið hefð fyrir formlegri kennslu í leikskólum og því er mikilvægt að meta hvernig starfsfólki hefur fundist að nota slíka aðferð samhliða öðrum. Leitast var við að svara rannsóknarspurningunni: Hvernig er reynsla leikskólastarfsfólks af *K-PALS* hérlandis? Markmiðið var að veita innsýn í hvernig framkvæmd *K-PALS* gengur, áhrif þess á börnin, helstu kosti og galla að mati starfsfólksins og hvort því þættu aðferðirnar eiga heima í íslensku leikskólaumhverfi.

Aðferð

Rannsóknin var eigindleg viðtalsrannsókn og byggði á hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum. Viðtöl þykja henta vel til að varpa ljósi á viðhorf eða reynslu fámennra hópa af óhlutbundnum atriðum eins og kennsluháttum (Lichtman, 2013). Hálfstöðluð viðtöl byggja á tilteknum spurningum en veita jafnframt sveigjanleika til að spyrja nánar út í einstaka reynslu hvers viðmælenda sem hann getur lýst með eigin orðum (Kvale, 1996). Viðtöl geta því veitt innsýn í huglæga upplifun viðmælenda en mikilvægt er að rannsakandi gæti hlutleysis í spurningum og úrvinnslu gagnanna til að skoðanir hans hafi ekki áhrif á svör viðmælenda eða niðurstöður rannsóknar (Lichtman, 2013). Markmiðið með viðtölunum í þessari rannsókn var að veita innsýn í reynslu starfsfólks af notkun *K-PALS* í leikskólum héraendis en líkt og í öðrum viðtalsrannsóknum er alhæfingargildi niðurstaðnanna takmarkað.

Þátttakendur

Markmiðsúrtak (e. *purposive sampling*) var notað þar sem þátttakendur voru valdir vegna reynslu sinnar af *K-PALS*. Falast var eftir sjálfboðaliðum í viðtal hjá fimm leikskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem *K-PALS* var notað samhliða öðrum aðferðum til að ýta undir málþroska og bernskulæsi barnanna í elsta árgangnum. Í leikskólunum voru að jafnaði notaðar fyrstu 30 æfingarnar (af 70) úr *K-PALS*-handbókinni. Allir þeir þrettán starfsmenn sem unnu með *K-PALS* í viðkomandi leikskólum buðu sig fram í viðtal. Samtals unnu þátttakendur með rúmlega 100 börnum á aldrinum fimm til sex ára. Í *Töflu 1* má sjá yfirlit yfir helstu bakgrunnspætti viðmælenda. Öll nöfn eru dulnefni.

Tafla 1 – Yfirlit yfir þátttakendur og bakgrunnspætti													
	Arndís	Bára	Dalía	Eyrún	Fía	Guðný	Helga	Inga	Ína	Jana	Karen	Lína	María
Leikskóli	Kot		Hálsakot				Klettur		Hraun			Fell	
Starfsaldur (í árum)	12	12	25	12	2	30	4	17	13+	15	8	20	35
Reynsla af <i>K-PALS</i> (í árum)	5	5	2	5	0,5	0,5	0,5	0,5	2	0,25	2	3	4
Leikskólakennari	X	X		X		X	X	X	X	X		X	X
Grunnskólakennari	X				X						X	X	
Önnur menntun			X									X	
Starfsaldur (í árum)	12	12	25	12	2	30	4	17	13+	15	8	20	35
Reynsla af <i>K-PALS</i> (í árum)	5	5	2	5	0,5	0,5	0,5	0,5	2	0,25	2	3	4
Leikskólakennari	X	X		X		X	X	X	X	X		X	X
Grunnskólakennari	X				X						X	X	

Framkvæmd

Fyrri höfundur lagði til við seinni höfund að vinna þessa rannsókn sem meistaraverkefni haustið 2013. Seinni höfundur vann áður í leikskóla og hafði sem grunnskólakennari kynnst aðferðum PALS og var almennt hlyntur markvissri lestrarkennslu en hafði enga reynslu af K-PALS eða ákveðna skoðun á notkun þeirra aðferða í leikskóla. Eftir að rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar var haft samband við skólastjóra fimm leikskóla á höfuðborgarsvæðinu sem innleitt hafa K-PALS og óskað eftir sjálfboðaliðum til þátttöku. Að fengnu skriflegu samþykki, voru tekin 20–30 mínútna hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við þátttakendur í funda- eða undirbúningsherbergi á vinnustað þeirra. Kappkostað var að gæta hlutleysis í viðtölum og gagnagreiningu (Lichtman, 2013).

Gagnagreining

Viðtölin voru skráð nákvæmlega ásamt athugasemdum rannsakanda, marglesin og um leið kóðuð og greind með aðferðum grundaðrar kenningar. Gögnin voru greind jafnóðum með sífelldum samanburði (e. *constant comparative method*) og fleiri viðmælendum bætt við þar til fátt nýtt markvert kom fram í viðtölunum og fræðilegri metun var náð (Charmaz, 2006). Opinni og markvissri kóðun var beitt til að flokka gögnin eftir ríkjandi mynstrum og endurtekningum niður í eftirfarandi efnisflokk: *Framkvæmd K-PALS og útfærslur, Kostir, Erfiðleikar og ókostir, Áhrif K-PALS á börnin og Gildi K-PALS í íslenskum leikskólum*. Töflur voru útbúnar til að sýna efnisatriði sem tveir eða fleiri viðmælendur nefndu innan hvers efnisflokks.

Niðurstöður

Hér eru svör viðmælenda dregin saman og greint frá niðurstöðum eftir efnisflokkum. Fjallað er um frásagnir þátttakenda af framkvæmd K-PALS, helstu kostum, ókostum og erfiðleikum við innleiðingu, áhrif aðferðanna á börnin og hvort K-PALS eigi heima í íslensku leikskólaumhverfi.

Framkvæmd K-PALS og útfærslur

Þegar spurt var um framkvæmd K-PALS sögðust allir viðmælendur fara alveg eftir handbókinni. Í viðtölunum kom fram að á K-PALS-námskeiðum væri mikil áhersla lögð á að fylgja vel leiðbeiningunum þar sem rannsóknir sýndu að aðferðirnar nýttust best þannig. Til að mynda sagði Eyrún:

Já, það er náttúrulega grundvallaratriði, skilurðu, „að fara eftir handbókinni“. ... PALS-ið er ekkert PALS nema þú farir bara eftir þessu, algjörlega frá A til Ö ... það var náttúrulega lagt upp með það á námskeiðinu sem við fórum á.

Um helmingur viðmælenda sagðist þó orða hlutina á sinn hátt en halda sig við inntakið í leiðbeiningunum. Fíu fannst að ef hún læsi beint upp úr bókinni myndi hún tapa athygli nemendanna:

Það er ekki þannig að ég lesi beinlínis upp úr handbókinni af því að þá held ég að ég myndi algjörlega missa sambandið við nemendurna. Þannig að auðvitað reynir maður að læra þetta svona nokkuð utanað ... maður er ekki kannski að fara eftir handritinu algjörlega frá orði til orðs en ... reyna að halda inni öllum atriðunum og svoleiðis.

Á leikskólanum Hrauni var nefnt að einn leikskólakennarinn væri svo laginn við að leggja inn verkefni að ákveðið hafi verið að nýta hæfileika hans með öllum börnunum í upphafi hvers K-PALS-tíma áður en paravinnan hæfist. Ína sagði:

... ein af okkur er svo góð í að gera þetta. Þannig að við erum bara með hana, hún fer í gegnum allt fyrst og við erum bara með henni og aðstoðum hana og svo sendir hún okkur út í hópana.

Viðmælendur frá Koti og Hálsakoti lýstu því hvernig „þing“ var sett upp til að börnin gætu kosið glaðning þegar þau hefðu safnað tilteknum fjölda stiga. Þegar Guðný lýsti þessu fyrirkomulagi sást einnig hversu fjölþætt þjálfun getur tengst *K-PALS*:

Þau eru voða spennt að telja stigin og það kemur náttúrulega inn talnaskilningurinn þar. En þegar þau voru komin upp í hundrað þá veittum við þeim verðlaun. ... það var þing, þetta var mjög lýðræðislegt. Þá komu allir með uppástungur um hvað þau vildu fá að gera í verðlaun. ... Síðan greiddum við atkvæði og það átti að rétta upp hönd ... Þannig að þetta var líka hluti af því að þau þurfa að gera upp hug sinn og meirihlutinn ræður og allt þetta, sko.

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort þeir vildu breyta einhverju varðandi *K-PALS* svaraði rúmlega helmingur viðmælenda að engu þyrfti að breyta. Aðrir vildu breyta tímarammanum eða bæta einhverju við, svo sem ritun, leikjum eða fleiri myndum (sjá *Töflu 2*).

Tafla 2 – Breytingar sem viðmælendur nefndu að þeir myndu vilja gera á framkvæmd <i>K-PALS</i>														
	Arndís	Bára	Dalía	Eyrún	Fía	Guðný	Helga	Inga	Ína	Jana	Karen	Lína	María	Alls af 13
Vilja ekki breyta neinu	X		X	X		X			X			X	X	7
Myndrænna							X	X						2
Meira í gegnum leik							X				X			2
Hafa sjaldnar í viku							X			X				2

Helga og Inga vildu báðar hafa *K-PALS* meira í leikjaformi og efnið meira myndrænt. Helga lýsti sínum hugmyndum:

... til dæmis stafur og myndin fyrir hljóðið. Þá var til dæmis A og api fyrir A. Það væri hægt að gera þannig minnisþil. Svo mætti líka hafa myndir á veggjunum og vekja athygli þeirra á myndum, hafa þetta aðeins litríkara.

Í heild kom fram hjá flestum viðmælendum að þeir fylgdu leiðbeiningum handbókarinnar við framkvæmd *K-PALS* en einnig var lýst ýmsum hugmyndum að útfærslum, þó þannig að lykilatriðin héldu sér.

Helstu kostir

Þegar kom að því að ræða kosti *K-PALS* að mati viðmælenda voru nefndir fjölmargir. Í *Töflu 3* má sjá þá helstu þeirra.

Tafla 3 – Helstu kostir <i>K-PALS</i> að mati viðmælenda														
	Arndís	Bára	Dalía	Eyrún	Fía	Guðný	Helga	Inga	Ína	Jana	Karen	Lína	María	Alls af 13
Samvinna barnanna	X	X		X	X	X	X	X	X	X		X	X	11
Aukin hljóðkerfisvitund og hljóðabekking	X	X	X		X	X	X	X		X		X		9
Góður undirbúningur fyrir lestrarnám			X		X	X	X	X	X		X	X	X	9
Gott skipulag, skýrt og markvisst	X	X		X	X		X	X					X	7
Sýnilegur árangur			X	X	X				X	X			X	6
Aukinn áhugi á ritmáli		X	X									X		3
Hrós og/eða kurteisi						X	X							2
Tæki til að sjá fyrir mögulegan lestrarvanda		X						X						2

Flestir nefndu að það væri kostur við *K-PALS* að aðferðin yki samvinnu barnanna, gæfi góðan undirbúning fyrir lestrarnám, yki hljóðkerfisvitund og hljóðabekkingu og fæli í sér skýrar og markvissar aðferðir (sjá *Töflu 3*). Guðný var ein þeirra sem nefndi samvinnu sem stóran kost við *K-PALS*:

Mér finnst líka samvinnan, að vinna saman, hjálpa hvort öðru. ... og þessi þjálfun líka, koma fram og tala máli sínu hægt, skýrt og hægt og allir heyrðu, og þora því, sko. Það finnst mér líka mjög góð æfing. ... Þau æfa að hrósa hvort öðru og hjálpa hvort öðru.

Hin markvissa samvinna var einnig sögð ýta undir sjálfstæði barnanna og að leita hjálpar hjá hvert öðru. Ína sagði:

Kosturinn við *K-PALS* er þessi samvinna og þau ná að lesa ... Það er svo gott að geta stautað sig fram úr heimilisfanginu sínu eða einhverju. Mér finnst það nauðsynlegt, gera þau svona sjálfbjarga meira ... Menn geta hjálpað hver öðrum að komast yfir eitthvað verkefni ... Það þarf ekki að kalla alltaf á einhverja kennara til að gera alla hluti.

Níu viðmælendur nefndu sem kost við *K-PALS* að hljóðkerfisvitund og hljóðabekking barnanna efldist, þar sem lögð væri áhersla á hljóð stafanna en ekki heiti þeirra. Þeim þótti þetta geta hjálpað börnunum að átta sig á þeirri tækni sem felst í því að geta lesið. Arndís sagði: „Þegar þau læra bara hljóðin að þá verður þetta svona einhvern veginn rennsli á þessu. Þetta gengur vel, mjög vel.“ Mikill meirihluti viðmælenda taldi *K-PALS* gefa börnum gott veganesti fyrir grunnskólann þar sem börnin yrðu búin að læra flest hljóðin og mörg hver farin að umskrá í lok leikskóla. Þær Bárta og Inga nefndu að *K-PALS* gagnaðist líka til að sjá hvaða börn gætu átt erfitt með lestrarnám. Þær töldu *K-PALS* geta komið vel til móts við þau börn í leikskólanum og undirbúið þau enn frekar undir

grunnskólagönguna. Fía hafði á orði að kennsluskipulag *K-PALS* skilaði sér í framförum hjá öllum börnunum:

Sko, framyfir þá lestrarkennslu sem ég hef kynnst áður þá er það hvað þetta er markvisst og skýrar leiðbeiningar. Ef að einhver hefur ekki náð því sem verið var að kenna núna þá bara á að bakka og fara í aðeins einfaldara þar sem að hann er öruggur, sem sagt það er alltaf verið að vinna að sjálfvirkni og öryggi og þetta ... Já, það verður enginn eftir sem að kann ekki neitt.

Skýrt skipulag *K-PALS* var nefnt af mörgum sem kostur. Í handbókinni eru mjög nákvæmar leiðbeiningar um orðalag og framkvæmd verkefna. Helga lýsti því þannig: „Þetta er svo idiot-proof aðferð!“ Dalía efaðist um að hún gæti notað *K-PALS* þar sem hún hefði ekki háskólamenntun en uppgötvaði síðan að hún gæti það alveg:

Mér var náttúrulega bara dembt í það og ég var að hugsa hvort ég gæti þetta, af því þegar maður er ekki með menntun þá heldur maður einhvern veginn að maður geti þetta ekki eins vel, en svo getur maður þetta alveg jafn vel, sko.

Á heildina litið þótti viðmælendum *K-PALS* helst hafa þá kosti að vera skýr og markviss aðferð sem hefði sýnileg jákvæð áhrif á samvinnu og undirstöðufærni barnanna í lestri, líka þeirra sem ættu í erfiðleikum.

Erfiðleikar og ókostir

Þegar spurt var um erfiðleika eða ókosti við *K-PALS*, sagði rúmlega þriðjungur viðmælenda að það væru engir ókostir en aðrir nefndu þætti tengda innleiðingu og framkvæmd (sjá *Töflu 4*).

Tafla 4 – Erfiðleikar og ókostir við <i>K-PALS</i> að mati viðmælenda														
	Arndís	Bára	Dalla	Eyrún	Fía	Guðný	Helga	Inga	Ína	Jana	Karen	Lína	María	Alls af 13
Engir ókostir			X	X		X						X	X	5
Of langur tími í einu					X				X	X	X			4
Niðurnjörvað og stýrt	X	X					X			X				4
Mikill undirbúningur í byrjun	X							X		X				3
Þegar börnin ná ekki efninu				X			X	X						3
Of mikil endurtekning						X	X				X			3
Námsefni „þurrt“					X					X				2
Að para börnin	X							X						2
Að virkja þá sem ekki vilja taka þátt	X							X						2
Þegar athygli vantar					X	X								2
Of stuttur tími í einu												X	X	2

Þær sem höfðu unnið lengst með *K-PALS*, í fjögur eða fimm ár, lýstu talsverðum byrjunarerfiðleikum. Arndís sagði:

... þetta var bara mjög erfiður tími og mjög mikil áskorun, til dæmis hvenær væri best að hafa þetta ... og það mátti svo sem ekkert þannig út af bera til þess að færi ekki allt í vitleysu með planið bara. Og svo var bara öll undirbúningsvinnan undir þetta, lesa fyrir hvern tíma og ... þetta var bara mjög krefjandi, til að byrja með, eins og það gengur smurt núna, sko.

Þær Inga og Jana voru sammála Arndísi um að *K-PALS* krefðist mikils undirbúnings þegar það væri notað í fyrsta skipti, sérstaklega að lesa handbókina og tileinka sér efni hennar. Báru fannst erfitt að sætta sig við hversu oft *K-PALS* átti að vera í viku og fannst það taka tíma frá öðrum skemmtilegum verkefnum. Henni, ásamt Arndísi, Guðnýju, Helgu og Jönu fannst *K-PALS* frekar „niðurnjörvað og stýrt“. Guðný var lítt hrifin af svo nákvæmum leiðbeiningum:

... maður er vanur að koma með svona spontant (smellir fingrum) ... Þetta var svona niðurnjörvað: „Nú áttu að segja þetta.“ Já, þetta var svolítil áskorun fyrir mig, þú veist, að vera eitthvað frá A til Ö á einhverju blaði sem ég átti að segja og gera ...

Helga og Karen nefndu einnig að þeim þætti of mikil endurtekning sömu stafa og orða. Eyrúnu fannst erfiðast að samþykkja að *K-PALS* ætti heima í leikskóla af því að það virtist óspennandi:

Þetta virkar voða flókið og þá kannski helsta áskorunin að fara í þetta með opnum hug og jákvæðni. Þetta virkaði voðalega svona ... ítrosla. ... þetta krefst ákveðins undirbúnings og allt það. ... og svona sannfæra sjálfan sig um það að þetta gæti alveg átt heima hérna í leikskólanum ... Af því við lítum á leikinn sem helstu námsleið barnsins svo manni fannst einhvern veginn þetta kannski ekki endilega passa þar inn, sko.

Skiptar skoðanir voru um tímann sem varið er í *K-PALS*. Fíu, Ínu, Jönu og Karen fannst hver *K-PALS*-tími of langur, meðan Línu og Maríu fannst tíminn ekki alltaf nægja. María sagði: „Tíminn er stundum of stuttur fyrir þau börn sem eru lengi að vinna verkefnið ... Það fer svolítið eftir nemendum og getu.“

Almennt lýstu viðmælendur sem helstu ókostum *K-PALS* að það væri of stýrð kennslu-aðferð og tæki of langan tíma, ekki síst í undirbúningi. Hvað aðra erfiðleika snerti voru einkum nefnd atriði varðandi framkvæmd *K-PALS*, svo sem að finna út hvaða börn gætu unnið saman eða að virkja þau sem væru illa upplögð, ættu erfitt með einbeitingu eða skilning á efninu.

Áhrif *K-PALS* á börnin

Aðspurðir að því hvaða áhrif *K-PALS* hefði á börnin lýstu viðmælendur yfirleitt víðtækum og jákvæðum áhrifum (sjá *Töflu 5*).

Langflestir nefndu að börnin lærðu samvinnu og að *K-PALS* skilaði sýnilegum árangri. Bára sagði:

Þau náttúrulega læra að vinna saman í hópum sem er mjög gott ... Og það er náttúrulega gott fyrir þau að læra að fara eftir reglum. ... Þau hafa orðið meiri áhuga á svona öllu sem að, sko, lýtur að stöfum. Þau eru alltaf að spá í hvað stendur þarna og „ég get lesið“ ... og skrifa niður, gera eins.

Tafla 5 – Áhrif *K-PALS* á börnin að mati viðmælenda

	Arndís	Bára	Dalía	Eyrún	Fía	Guðný	Helga	Inga	Ína	Jana	Karen	Lína	María	Alls af 13
Börnin læra samvinnu	X	X		X	X	X	X	X	X	X		X	X	11
Sýnilegur árangur	X		X	X	X	X	X	X	X	X			X	10
Aukin lestrarfærni			X		X		X	X	X	X	X	X		8
Aukinn áhugi á ritmáli	X	X	X	X	X		X			X			X	8
Gleði og stolt barnanna	X	X		X			X						X	5
Hjálpar slökum börnum	X					X				X				3
Aukin félagsfærni	X				X	X								3
Aukið sjálfstraust		X			X	X								3
Aukin einbeiting				X	X									2

Áberandi margir nefndu aukinn áhuga barnanna á ritmáli og byrjandi lestrarfærni. Mörg væru farin að reyna að hljóða sig í gegnum orð og jafnvel umskrá setningar. Dalía kom með dæmi um hvernig þetta birtist:

Mér finnst þau vera svona öflugri. Eins og við fórum á bókasafnið í gær og þau eru miklu meira að reyna að lesa sjálf, finna sér verkefni og bækur við hæfi ... Þegar þau tóku sögustund í gær og þá voru þau með opna bók og voru að reyna að stauta sig áfram og segja söguna á sínum forsendum, sko, eins og kennarar. Mjög gaman að sjá þetta. En mér finnst þetta hafa breyst bara í bókasafninu, hvernig áhuginn bara einhvern veginn kviknar.

Tæplega helmingur viðmælenda nefndi hversu gaman það væri að sjá gleðina hjá börnunum þegar þau ná undirstöðuatriðunum og átta sig á því að þau geta „lesið“. Arndís lýsti dæmi um þetta:

Hann er að skoða þetta [K-PALS-efnið] og ég segi: „Já, sjáðu hérna, hérna ertu farinn að lesa.“ Og hann segir: „Nei, ég kann ekki að lesa.“ Og þá sagði ég: „Hvaða orð?“ „Ég.“ „Hvaða hljóð?“ „Á.“ Svo sagði ég: „Lestu hægt.“ „Í-s, ís! Ég á ís!“ Þá bara ... þú veist, hann las það, þegar hann fattaði það sjálfur. Það var ótrúlega gaman að sjá þetta.

Viðmælendur höfðu orð á því að lestrarfærni væri ekki það eina sem ykist við *K-PALS* þar sem fjölþætt þjálfun fælist í aðferðunum. Fyrir utan aukna samvinnuhæfni, var nefnd aukin félagsfærni, aukið sjálfstraust og meira öryggi í að koma fram. Fía hafði þetta að segja:

Mér finnst, sko, eftir því sem þau komast áfram í lestrinum að það hafi alveg bara mjög jákvæð áhrif á sjálfstraust þeirra. Og svo eins og ég segi með alla þessa félagslegu þætti, þau náttúrulega fá þjálfun, bæði í því að koma fram og standa fyrir framan aðra og vinna með öðrum. ... Þannig ég held að það sé bara gott, sko, fyrir félagslegan þroska líka. Já, og málþroskann.

Dalíu fannst skipta miklu máli að *K-PALS* gæfi börnum þjálfun í að koma fram. Hún sagði:

Það er mjög áberandi finnst mér, fyrst svona þegar við byrjum í þessu þá eiga þau mjög erfitt með að bara koma upp, þannig að mér finnst það líka bara vera mikil þjálfun með því, að koma fram og segja frá og þora að standa fyrir framan aðra og allt þetta.

Einnig var nefnt að börnin þjálfuðust í að taka ábyrgð á sjálfum sér og öðrum, fara eftir reglum, aðstoða aðra, sýna þolinmæði og taka tillit til annarra. Eyrún sagði *K-PALS* draga úr leiða hjá elsta árgangnum:

Þau eru náttúrulega mjög móttækileg, sko, og það er svona oft hjá mörgum kemur upp smá leiði kannski á síðasta árinu, þú veist, þau eru farin að bíða eftir því að taka næsta skref, sko. Já, þetta kemur svolítið fyrir þau sem næsta skref.

Í viðtölunum var stundum nefndur óvæntur árangur barna sem hafði gengið illa á HLJÓM-2-prófum. Til dæmis sagði Arndís: „Meira að segja krakkar sem að koma kannski ekki vel út úr *HLJÓM-i*, þau eru alveg að brillera í þessu,“ en Helga hafði líka séð dæmi um annað:

... þau börn sem koma illa úr HLJÓM-prófinu, þeim gengur til dæmis illa í *PALS-inu* og eru ekki alveg að ná þessu ... En svo eru sum börn sem koma illa úr HLJÓM-prófinu og maður svona gerir ráð fyrir að þeim muni svo ganga illa í *PALS-inu* en ná svo allt í einu bara.

Bára hafði svolitlar áhyggjur af líðan slakari barnanna í *K-PALS*, af börnum sem ekki gengi eins vel og væru því ekki eins ánægð og þessi sterkari. Þetta átti þó ekki við um öll getuminni börnin þar sem viðmælendur lýstu því hvernig mörg þeirra tóku góðum framförum með *K-PALS* og urðu þá ánægð og stolt af árangrinum. Í viðtölunum kom almennt fram að börnunum liði vel í *K-PALS*-tímum og þætti gaman. Til dæmis minntu börnin á *K-PALS*-tímuna ef kennararnir virtust vera að gleyma þeim og Helga lýsti því hvernig börnin settu upp *K-PALS*-æfingar í frjálsum leik:

Þau eru rosalega jákvæð með þetta og þeim finnst gaman að fara í *PALS*. Til dæmis ... við kannski ljósritum of mörg eintök þá höfum við bara haft það í pappírsskúffunni og leyft þeim þá að lita á þetta ... þá einmitt fara þau í leik að þau séu í *PALS*. Þannig að mér finnst þau alveg rosalega jákvæð gagnvart *PALS-inu*. Það hefur bara jákvæð áhrif á þau, finnst mér.

Guðný hafði reynslu af ýmsum leiðum til að efla byrjandi lestrarfærni barna en eftir að hafa prófað *K-PALS* í sex mánuði fannst henni það bera af:

Það eru örugglega margar góðar leiðir til sem að búa börnin undir lestrar-kennslu en þetta er ein af þeim leiðum, maður hefur prófað ýmislegt, þetta er eina leiðin sem mér finnst hafa [bórið] bestan árangur. Ég sé GREINILEGA árangur. ... Þess vegna mun ég mæla með því að hafa það áfram.

Almennt lýstu viðmælendur víðtækum jákvæðum áhrifum af *K-PALS* á börnin, líka þeir sem höfðu tilgreint flesta ókostina. Enginn minntist á neikvæð áhrif. Einkum var það aukin samvinnu- og lestrarfærni sem var nefnd en einnig fannst viðmælendum *K-PALS* ýta undir áhuga, sjálfstraust og gleði barnanna yfir vaxandi færni.

Gildi *K-PALS* í íslensku leikskólaumhverfi

Sumir viðmælendur höfðu í fyrstu efasemdir um að *K-PALS* ætti heima í íslenskum leikskólum. Helga var lítt hrifin af formlegri kennslu í leikskóla: „Þetta er svolítið öðruvísi en við erum vanar á leikskóla, þetta er meira svona kennsla. En þau, börnin, voru rosa spennt og fannst þetta mjög spennandi að fara í svona kennslu.“ Eyrún var einnig mótfallin *K-PALS* í byrjun: „Ég var rosalega neikvæð fyrst en svo breyttist upplifunin bara ... Já, kom mér mjög á óvart, sko. Þá fyrst og fremst hvað krökkunum fannst þetta gaman og urðu aldrei leið allan veturinn ... Þetta er öðruvísi og brýtur upp ... “

Nokkrir viðmælendur nefndu að *K-PALS* hefði virkað erfitt og of stýrt fyrir leikskóla. Arndís hafði á orði: „Þetta virðist alveg ótrúlega flókið þegar maður byrjar, mjög flókið, en þetta er ekkert flókið. Þetta eru engin geimvísindi, sko!“ og Eyrún sagði: „Þetta virkar svona fráhrindandi fyrst þegar þú færð þessa stóru bók og svoleiðis, sko, en þetta er bara mjög skemmtilegt. Bæði fyrir börn og starfsfólk.“ Flestir viðmælendanna nefndu að það væri hvetjandi að sjá hversu skemmtilegt börnunum þætti að vinna með *K-PALS* og hversu vel þeim gengi. Þetta sagði Inga:

Þau biðja um þetta, sem sagt, ef maður gleymir sér, bara: „Átti ekki að vera *K-PALS* í dag?“ ... Maður bjóst ekki við því, sko. Eða þú veist, oft finnst þeim svona hlutir kannski eitthvað erfiðir eða eitthvað en þetta er skemmtilegt. Þau hafa áhuga á þessu þannig að það svona hvetur mann áfram ... Þar sem ég sé árangur þá verður maður ennþá spenntari og þegar þau sýna framfarir.

Þegar spurt var hvort viðmælendum þætti skipulögð lestrarþjálfunaraðferð eins og *K-PALS* eiga við í íslenskum leikskólum var svarið undantekningarlaust jákvætt. Einnig hjá Eyrúnu, sem hafði mjög neikvætt viðhorf gagnvart *K-PALS* í upphafi:

... okkur fannst þetta engan veginn passa, engan veginn, sko. Það eru náttúrulega deildar meiningar um það að það eigi að vera svona skipuleg, af því þetta er eiginlega skipulögð lestrarkennsla, á hún við í leikskóla eða ekki? ... Mér finnst þetta hafa heppnast vel og það tapar enginn á þessu, þetta gerir engum eitthvað slæmt. ... Þetta tekur stutta stund á hverjum degi, þrjátíu mínútur í mesta lagi, og þetta er ekki allan veturinn eða allt árið. Þú tekur smá pásur og meðan þú ert ekki að fara of langt, eins og ég segi, að þá finnst mér þetta bara eiga bara mjög vel við herna ...

Arndís, Dalía, Inga, Jana, Karen og María nefndu að upplagt væri að nýta vel æviskeiðið þegar börnin eru móttækileg fyrir að læra eitthvað nýtt og hefja þjálfun í undirstöðulestrarfærni snemma. Arndís sagði:

Þetta er mjög flott af því að þau eru svo miklir svampar að þau vantar eitthvað svona. Þetta er mjög góð viðbót við alla hina málörvunina sem við erum með. Af því þetta er svona upp sett og þú ert að gera þetta þá verður þetta svo svakalega markvisst. Þetta virkar mjög vel. Þannig að þetta á bara mjög vel við, mjög svo.

Karen hafði reynslu af því að kenna fimm ára börnum erlendis og sagði kennsluna þar mun skipulagðari og sagðist vilja sjá meira slíkt héraendis. Hún hafði kynnst því hvað þessi aldursþingur er duglegur og taldi börnin geta mun meira en fyrir þau er lagt héraendis. Fía var sömu skoðunar:

Ég held að skipulögð lestrarþjálfunaraðferð eigi ALGJÖRT erindi til fimm ára barna. ... Og ég vildi alveg hafa meiri skipulagða kennslu fyrir þennan aldurs-

hóp. Þá er ég ekki að tala um skipulagðan skóla allan daginn, heldur nám og svo bara ... já, kannski nám og leik svolítið meira til skiptis.

Sumir viðmælendur nefndu að *K-PALS* í leikskóla væri góður undirbúningur fyrir almennt bóklegt nám í grunnskóla og styddi samfellu milli skólastiga. Þegar viðmælendur voru spurðir hvort þeir myndu halda áfram að vinna með *K-PALS* ef þeir hefðu val svöruðu allir því játandi. Arndís sagði: „Ég myndi halda þessu áfram. Ég sé mestan árangur þegar þetta er gert þrisvar til fjórum sinnum í viku og eins og það er lagt upp með á sama tíma ...“. Sumir tóku fram að þeir vildu nota annað efni samhliða *K-PALS*. Ein þeirra var Fía:

Ég held reyndar að *PALS*, sko, *K-PALS* eitt og sér, sé of einhæft sem lestrar-kennsla, held það sé eiginlega mjög mikilvægt að vera með eitthvað meðfram því, einhvers konar stafavinnu, eitthvað með hljóðkerfisvitund, helst ritun. ... Já, að lestur sé ekki bara *PALS*, að þau sjálf fái að spreyta sig og líka leika sér með stafi og séu með eitthvað meira svona við hliðina á því. Enda hérna, já, það líka hefur komið fram í rannsóknum að þetta sé hugsað sem viðbót við lestrarþrógramm, þetta sé ekki eitthvað sem á að vera eitt.

Á heildina litið fannst öllum viðmælendunum fimm ára leikskólabörn tilbúin fyrir kennslu í undirstöðum lestrarfærni og að *K-PALS* væri árangursrík aðferð til þess, samhliða öðru. Sumum fannst í upphafi *K-PALS* vera of skipuleg kennsluáferð fyrir leikskóla og virka flókin og óspennandi, en allir sögðust myndu vilja halda áfram að nota aðferðirnar ef þeir hefðu val.

Umræða

Lestur er félagslegt fyrirbæri sem lærist ekki af sjálfu sér (Snow o.fl., 1998). Hljóðkerfisvitund og hljóðþekking eru undirstaða lestrarnáms sem er mikilvæg forsenda ævináms og þátttöku í nútímapjódfélagi. Mikilvægt er að leita fjölbreyttra leiða til að bæta stöðu þeirra sem eiga erfitt með lestrarnám og grípa inn í sem allra fyrst (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Samhliða öðrum aðferðum getur *K-PALS*-nálgunin gagnast við að leggja góðan grunn að lestrarnámi barna í leikskóla, því hún byggir á samvinnu félaga og er árangursrík aðferð til að auka lestrarfærni margbreytilegs nemendahóps (McMaster o.fl., 2007).

Markmiðið með þessari rannsókn var að fá innsýn í reynslu starfsfólks af notkun *K-PALS* í leikskólum hérlendis. Viðmælendur sögðust nota *K-PALS* samkvæmt handbókinni en skýrðu einnig frá ýmsum tilbrigðum við aðferðirnar sem hún lýsir. Öllum þátttakendum fannst *K-PALS* vera góð viðbót við lestrarumhverfi leikskóla og lýstu jákvæðum áhrifum á lestrar- og félagsfærni barnanna. Jafnvel þeir sem sögðust hafa verið neikvæðir gagnvart *K-PALS* í byrjun lýstu breyttum viðhorfum eftir að hafa unnið með aðferðirnar og séð árangurinn hjá börnunum. Þó nefndu sumir viðmælendur að innleiðing og framkvæmd *K-PALS* hefði tekið á í fyrstu. Almennt sögðust viðmælendur þó ánægðir með *K-PALS* og töldu aðferðirnar vel eiga heima í íslensku leikskólaumhverfi.

Framkvæmd *K-PALS* og útfærslur

Á námskeiðum eru aðferðir *K-PALS* kenndar með hliðsjón af handbók með nákvæmu handriti að kennslustundum, myndskýringum, reglum til að fylgja í *K-PALS* tímum og verkefnum til að ljósrita (Fuchs o.fl., 2013). Í þessari rannsókn sögðust viðmælendur fara alveg eftir handbókinni en við nánari útlistun kom í ljós að rúmlega helmingur viðmælenda notaði í raun eigið orðalag þótt stuðst væri við leiðbeiningarnar. Allir sögðu *K-PALS* virka eins og það væri lagt fram og meirihlutinn hugðist nota aðferðirnar áfram með óbreyttum hætti. Fáeinir sögðust vilja nýta aðferðirnar með öðrum hætti, svo sem á myndrænni máta, meira í leikjaformi eða sjaldnar í viku. Nokkrir viðmælendur sögðust vilja nota ann-

að efni til viðbótar við *K-PALS* en fjórir nefndu þá staðreynd að *K-PALS*, líkt og aðrar *PALS*-útfærslur, væri ætlað að vera viðbót við það lestrarumhverfi sem fyrir er í leikskólum (McMaster o.fl., 2007).

Örlítill sveigjanleiki í framkvæmd þarf ekki að koma niður á árangri. Niðurstöður samanburðarrannsóknar á mismunandi framkvæmd *PALS* (McMaster o.fl., 2010) sýndu að nákvæmni er mikilvægust í upphafi en að síðan geti verið svigrúm fyrir útfærslur kennara. Svo lengi sem lykilþættir *PALS* voru rétt framkvæmdir, þá gat það haft jákvæð áhrif á árangur nemenda að kennari hefði svigrúm til að laga einhverja þætti *PALS* að þörfum þeirra (McMaster o.fl., 2010). Hins vegar er óvíst hvort það sama eigi við um aðferðir *K-PALS* þar sem áhrif sveigjanleika í framkvæmd þeirra aðferða hafa ekki verið rannsökuð.

Helstu kostir

Sá kostur við *K-PALS* sem oftast var nefndur í viðtölunum var samvinna barnanna. *K-PALS* felur í sér paravinnu þar sem nemendur af ólíkri getu vinna saman samkvæmt skýrum leiðbeiningum og þjálfast í að koma fram af hjálpsemi og virðingu við félag sína (Fuchs, Fuchs, Simmons og Mathes, 2011). Það kom skýrt fram hjá viðmælendum að *K-PALS* efldi jákvæða samvinnu, þar sem börnin lærðu að hrósa og vera kurteis hvert við annað. Þessar frásagnir eru í samræmi við upplifun kennara af *PALS* í fyrri rannsóknum (Fuchs o.fl., 2000; Fuchs, Fuchs, Al Otaiba o.fl., 2001) þar sem þeir lýstu því hvernig *PALS* styddi við samvinnuhæfni nemenda. Einnig rímar þetta við mat kennara á samvinnunámi í rannsókn Gillies og Boyle (2008) þar sem þeir undirstrikuðu mikilvægi skýrra leiðbeininga og þjálfunar til að styðja við góða samvinnu milli nemenda.

Stór meirihluti viðmælenda nefndi sem kost við *K-PALS* hversu mikið hljóðkerfisvitund, hljóðþekking og umskráningarfærni barnanna efldist. Í *K-PALS* er hljóðaaðferð beitt á kerfisbundinn og beinan hátt, sem samkvæmt víðtækri úttekt rannsókna skilar hvað best um árangri í að byggja upp lestrarfærni barna (Ehri o.fl., 2001; National Reading Panel, 2000). Einnig var nefnt að *K-PALS* gagnaðist við að finna börn sem gætu mögulega átt í vanda með lestrarnám en það er mikilvægur þáttur í snemmtækri íhlutun.

Rúmum helmingi viðmælenda fannst kostur að námsefni *K-PALS* væri skipulagt, skýrt og markvisst og að auðvelt væri að fara eftir leiðbeiningum handbókarinnar. Dalía lýsti því hvernig hún hefði auðveldlega náð tókum á aðferðunum, þó að hún væri ekki háskólamenntuð. Þetta bendir til að *K-PALS* geti gagnast ófaglærðu starfsfólki í að styðja við lestrarnám leikskólubarna á markvissan hátt. Helga lýsti *K-PALS* sem „idiot-proof aðferð“. Þessar niðurstöður minna á niðurstöður Bessellieu og féлага (2001) þar sem kennarar lýstu sinni fyrstu reynslu af stýrðri kennslu sem einnig felur í sér skipulagðar aðferðir og námsefni. Kennurum fannst þeir hafa fengið nýtt verkfæri til að mæta ólíkum þörfum nemenda og nefndu margir líka ánægjuna af því að sjá nemendum fara fram, sérstaklega þeim sem stóðu illa fyrir.

Erfiðleikar og ókostir

Aðspurðir um ókosti sögðu fimm viðmælendur *K-PALS* ekki hafa neina slíka, en aðrir nefndu að mikill tími hefði farið í undirbúning og innleiðingu *K-PALS* í byrjun, að æfingarnar tækju of langan tíma og væru of niðurnjörvaðar og stýrðar. Fáeinum viðmælendum fannst *K-PALS* í fyrstu virka mjög flókið og óspennandi og lýstu því sem „áskorun“ að byrja að nota aðferðirnar. Þeir sögðu þó að þegar til hafi komið hafi þeim líkað vel að vinna með *K-PALS* því auðvelt reyndist að fara eftir leiðbeiningunum, börnin tóku framförum og höfðu flest gaman af æfingunum.

Þremur viðmælendum fannst mikil endurtekning í *K-PALS* og leiðinlegt að láta börnin gera sömu hlutina aftur og aftur. Mikil endurtekning getur verið leiðigjörn en á meðan börn eru að ná tókum á undirstöðuatriðum í lestrarnáminu er endurtekning yfirleitt nauðsynleg, sérstaklega til að umskráning hljóða og orða verði sjálfvirk, sem er mikilvægt til að efla lesskilning (Booth og Swartz, 2004; Fuchs, Fuchs, Al Otaiba o.fl., 2001). Í sumum viðtölum kom fram að erfitt þætti þegar einhver barnanna skildu ekki efnið, vildu ekki taka þátt eða væru illa upplögð. Líklega á þetta við flestar kennsluaðferðir en hér má greina svipaðar áhyggjur og komu fram hjá nokkrum kennurum í rannsókn Bessellieu og féлага (2001), þeir töldu að sumir nemendur hefðu ekki næga einbeitingu, áhuga eða úthald fyrir stýrða kennslu. Bessellieu og félagar töldu líklegt að þessir erfiðleikar stöfuðu af því að nemendur væru að vinna með of létt eða of erfitt efni.

Áhrif *K-PALS* á börnin

Viðmælendum fannst flestum *K-PALS* hafa viðtæk jákvæð áhrif á börnin. Flestir nefndu að börnin lærðu samvinnu og tækju sýnilegum framförum í lestrarnáminu. Þó ber að hafa í huga að margir aðrir þættir en *K-PALS* í umhverfi leikskólabarna ýta undir lestrarfærni, bæði í leikskóla og heima fyrir. Rúmur þriðjungur viðmælenda lýsti því hversu gaman hefði verið að sjá framfarir barnanna hvað snertir hljóðkerfisvitund, hljóðabekkingu og umskráningu, sérstaklega þegar þau uppgötvaðu að geta „lesið“. Þetta er samhljóma upplifun kennara í rannsókn Fuchs, Fuchs, Al Otaiba og féлага (2001) sem lýsti jákvæðum áhrifum *K-PALS* á samvinnu og lestrarfærni nemenda sinna og hversu hvetjandi þeim fannst að taka framförum.

Í nokkrum frásögnum kom fram að áhugi barnanna á ritmáli hefði aukist og að mörg hver reyndu að hljóða sig í gegnum þau orð sem þau sæju, bæði í bókum og umhverfinu almennt, og sum væru jafnvel farin að „lesa“. Þetta ber vitni um læsisörvandi umhverfi leikskólabarnanna og bendir líka til að börnin hafi náð að nýta þá færni sem þau tileinkuðu sér í *K-PALS* í ýmsu öðru samhengi. Nýleg samanburðarrannsókn á áhrifum *K-PALS* á lestrarfærni byrjenda sýndi einmitt að börn í leikskólum þar sem notað er *K-PALS* tóku meiri framförum í að lesa orð heldur en börn í öðrum leikskólum (Kristín Svanhildur Ólafsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir, 2014). Einnig hafa erlendar rannsóknir sýnt árangur *K-PALS* umfram aðra kennslu í þessu sambandi (Fuchs, Fuchs, Thompson o.fl., 2001; Fuchs o.fl., 2002) og mögulegt er að viðmælendur hafi orðið vitni að svipuðum framförum hjá börnum í þeirra leikskóla.

Athyglisvert var að þrír viðmælendur sögðu *K-PALS* gagnast sérstaklega vel börnum sem hefðu fengið slaka útkomu á skimunarprófinu *HLJÓM-2*. Það er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Fuchs og féлага (2002) sem sýndi að *K-PALS* skilaði börnum með sérþarfrir meiri framförum en annars konar lestrarkennsla. Engu að síður kom fram í viðtölunum að einstaka börn tóku ekki nægum framförum til að halda í við jafnaldra sína í lestrarnáminu, þrátt fyrir læsisörvandi umhverfi og *K-PALS*-æfingar. Í slíkum tilvikum væri hægt að beita einstaklingsmiðuðum inngripum, líkt og í rannsókn Önnu-Lindar Pétursdóttur og féлага (2009) þar sem *K-PALS*-efni var notað í stuðningskennslu barna sem þurftu viðbótar sýnikennslu, hvatningu og/eða markmiðssetningu til að taka auknum framförum í lestrarnáminu. Þátttakendur í þeirri rannsókn náðu að lokum þeim færnimarkmiðum sem stefnt var að fyrir öll börnin.

Nokkrir viðmælendur minntust á að sjálfstraust barnanna hefði aukist við æfingarnar í *K-PALS* og að þau hefðu öðlast meiri trú á sjálfum sér við að uppgötva að þau væru góð í einhverju. Þetta líkist niðurstöðum í rannsókn Bessellieu og féлага (2001) þar sem kennarar lýstu svipuðum áhrifum af stýrðri kennslu þegar lestrargeta og sjálfstraust nemenda í námi jókst. Einnig felur *K-PALS* í sér markvissa samvinnu sem kennarar hafa lýst að geti aukið sjálfstraust nemenda (Gillies og Boyle, 2008).

Á *K-PALS* heima í íslensku leikskólaumhverfi?

Tveir viðmælenda nefndu að þeir hefðu í fyrstu verið neikvæðir gagnvart *K-PALS* og ekki fundist svona formleg kennsla eiga heima í leikskóla. Þau sjónarmið ríma við niðurstöður alþjóðlegrar samanburðarkönnunar þar sem íslenskir kennarar reyndust hafa minni trú á beinni kennslu en starfsfélagar í öðrum löndum, sérstaklega þeir sem kenna á yngri stigum (Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2009). Velta má fyrir sér af hverju formleg kennsla hefur almennt ekki tíðkast í íslenskum leikskólum. Eflaust eru margir samverkandi þættir sem hafa þar áhrif. Samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) er leikur þungamiðja leikskólastarfsins og meginnámsleið barna. Þessi áhersla á frjálsan leik gæti hafa ýtt undir viðhorf um að formleg kennsla eigi ekki við í leikskólum. Engu að síður, voru allir viðmælendur í þessari rannsókn hlynntir skipulegri kennslu byrjandi lestrarfærni, alla vega að fenginni reynslunni af *K-PALS*. Þeir töldu elsta árgang leikskólabarna vera tilbúinn í markviss verkefni og að gagnlegt væri að byrja snemma að efla hljóðþekkingu og umskráningarfærni barna svo þau verði betur búin undir grunnskólanám. Þrátt fyrir álag við innleiðingu vinnubragðanna, töldu allir viðmælendurnir *K-PALS* heppilega nálgun í því sambandi og vildu halda áfram að nota þá nálgun á einhvern hátt. Þeim fannst *K-PALS* vel eiga heima í leikskóla sem viðbót við aðrar aðferðir, ekki síst vegna jákvæðra áhrifa á undirstöðulestrarfærni barnanna, sjálfs-traust, samhjálp og færni í að koma fram. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og upphaf formlegrar menntunar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) þar sem veita á börnum tækifæri til uppbyggilegra samskipta í barnahópnum og að öðlast skilning á merkingu rit-aðs máls en *K-PALS* virðist geta komið að gagni við hvort tveggja.

Takmarkanir og næstu skref

Alhæfingargildi rannsóknarinnar er takmarkað þar sem um viðtalsrannsókn er að ræða og einungis var rætt við þrettán starfsmenn, sem sjálfir buðu sig fram, í fimm leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. Úrtakið var valið af hentugleika og endurspeglar því ekki endilega allan þann hóp leikskólastarfsmanna sem hefur reynslu af *K-PALS*. Hins vegar tóku allir þrettán starfsmenn sem unnu með *K-PALS* í viðkomandi leikskólum þátt í rannsókninni og mynda saman tiltölulega hátt hlutfall af þeim tæplega hundrað starfsmönnum sem höfðu fengið þjálfun í *K-PALS* hérlendis haustið 2013. Einnig gat haft áhrif á upplifun sumra viðmælenda að hafa verið meðal þeirra fyrstu sem notuðu íslensku útgáfu *K-PALS* og hafa mögulega tekið þátt í þeirri vinnu sem felst í að þýða efni og staðfæra að íslensku málumhverfi. Auk þess þarf að hafa í huga að framfarir barnanna, sem viðmælendur sögðu frá í tengslum við *K-PALS*, gætu verið tilkomnar af mörgum öðrum þáttum, svo sem auknum þroska eða annars konar kennslu innan sem utan leikskólans. Að lokum ber að taka fram að þó að rannsakendur hafi kappkostað að gæta hlutleysis í viðtölum og gagnaúrvinnslu, þá er ekki útilokað að jákvæð afstaða þeirra gagnvart markvissum kennsluaðferðum hafi haft áhrif á hvort tveggja.

Meðal næstu skrefa í rannsóknnum á þessu sviði gæti verið spurningakönnun meðal allra leikskólastarfsmanna sem fengið hafa þjálfun í *K-PALS* til að fá heildstæðari mynd af reynslu þeirra af aðferðunum. Einnig væri fróðlegt að meta upplifun grunnskólakennara af *K-PALS* og *PALS*, bæði með eigindlegum og meginndlegum aðferðum. Til að mæta betur þeim börnum sem sýna ekki nægar framfarir þrátt fyrir læsisörvandi umhverfi leikskóla og *K-PALS*-aðferðir mætti útfæra einstaklingsmiðaða íhlutun með íslenska *K-PALS*-efninu á svipaðan hátt og hefur verið gert með ensku útgáfunni (Anna-Lind Pétursdóttir o.fl., 2009). Kanna mætti áhrif einstaklingsmiðaðrar íhlutunar í leikskólanum og hvort að hún geti stutt betur við þau börn sem eiga í erfiðleikum í upphafi lestrarnámsins.

Stutt er síðan notkun *K-PALS* hófst í leikskólum hérlendis. Það er ánægjuefni þegar leikskólastarfsfólki bjóðast fleiri verkfæri til að ýta undir lestrarnám hjá margbreytilegum barnahópi. Í þeim fimm leikskólum þar sem þessi rannsókn fór fram þótti starfsfólki

K-PALS almennt góð viðbót við lestrarumhverfi leikskólanna. Það er vonandi að aukin fjölbreytni í kennsluháttum leikskóla hérlendis geti skapað fleiri börnum góðan grunn að lestrarnámi sem nýtist þeim út skólagönguna.

Heimildir

Anna-Lind Pétursdóttir, McMaster, K. L., McComas, J. J., Bradfield, T., Braganza, V., McDonald, J. K., Rodriguez, R., Scharf, H. (2009). Brief experimental analysis of early reading interventions. *Journal of School Psychology, 47*, 215–243.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2011). Leikur og læsi í leikskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>

Bessellieu, F. B., Kozloff, M. A. og Rice, J. S. (2001). Teachers' Perceptions of Direct Instruction Teaching. *Direct Instruction News, 1*(1), 14–18.

Booth, D. og Swartz, L. (2004). *Literacy techniques for building successful readers and writers* (2. útgáfa). Markham, Ontario: Pembroke Publishers.

Charmaz, K. (2006). *Constructing Grounded Theory: A Practical Guide through Qualitative Analysis*. Los Angeles: Sage.

Coyne, M. D., Kame'enui, E. J., Simmons, D. C., og Harn, B. A. (2004). Beginning reading intervention as inoculation or insulin: First-grade reading performance of strong responders to kindergarten intervention. *Journal of Learning Disabilities, 37*, 90–104.

Ehri, L. C., Nunes, R. N., Stahl, S. A., og Willows, D. M. (2001). Systematic phonics instruction helps students learn to read: Evidence from the National Reading Panel's meta-analysis. *Review of Educational Research, 71*(3), 393–447.

Fuchs, D., Fuchs, L. S., Al Otaiba, S., Thompson, A., Yen, L., McMaster, K. N., Svenson, E. og Yang, N. J. (2001). K-PALS: Helping kindergartners with reading readiness: Teachers and researchers in partnerships. *Teaching Exceptional Children, 33*(4), 76–80.

Fuchs, D., Fuchs, L. S. og Burish, P. (2000). Peer-Assisted learning strategies: An evidence-based practice to promote reading achievement. *Learning Disabilities Research and Practice, 15*(2), 85–91.

Fuchs, D., Fuchs, L. S., Simmons, D. C. og Mathes, P. G. (2011). *PALS. Pör að læra saman, handbók fyrir 2.–6. bekk. Lestraradferð* (Lilja Jóhannesdóttir þýddi). Reykjavík: SÍSL – Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir.

Fuchs, D., Fuchs, L., Thompson, A., Al-Otaiba, S., Yen, L., McMaster, K., ... Braun, M. (2013). *K-PALS Pör að læra saman. Handbók fyrir kennara sem kenna 1. bekk í grunnskóla* (Elsa María Hallvarðsdóttir og Heiðveig Andrésdóttir þýddu). Reykjavík: Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar og SÍSL – Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir.

Fuchs, D., Fuchs, L. S., Thompson, A., Svenson, E., Yen, L., Al Otaiba, S., ... Saenz, L. (2001). Peer-Assisted Learning Strategies in Reading. Extensions for Kindergarten, First Grade, and High School. *Remedial and Special Education, 22*(1), 15–21.

Fuchs, D., Fuchs, L. S., Thompson, A., Al Otaiba, S., Yen, L., Yang, N. J., Braun, M., og O'Connor, R. E. (2002). Exploring the importance of reading programs for kindergartners with disabilities in mainstream classrooms. *Exceptional Children, 68*, 295–311.

- Gillies, R. M. og Boyle, M. (2008). Teachers' discourse during cooperative learning and their perceptions of this pedagogical practice. *Teaching and Teacher Education*, 24(5), 1333–1348.
- Hoover, W. A. og Gough, P. B. (1990). The simple view of reading. *Reading and Writing: An Interdisciplinary Journal*, 2, 127–160.
- Hulda Karen Daníelsdóttir. (2015). Kynning á PALS. *Glæður*, 25, 67–70.
- Juel, C. (1988). Learning to read and write: A longitudinal study of 54 children from first through fourth grades. *Journal of Educational Psychology*, 80, 437–447.
- Kristín Svanhildur Ólafsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir. (13. september 2014). Áhrif K-PALS aðferða við þjálfun hljóðkerfisvitundar og umskráningar fimm ára barna. Erindi á ráðstefnu um menntavísindi á vegum miðstöðvar skólapróunar við Háskólann á Akureyri.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An Introduction to Qualitative Research Interviewing*. London: Sage.
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative Research in Education: A User's Guide* (3.útgáfa). Los Angeles: Sage.
- McMaster, K. L., Fuchs, D. og Fuchs, L. S. (2007). Promises and limitations of Peer-Assisted Learning Strategies in reading. *Learning Disabilities: A Contemporary Journal*, 5(2), 97–112.
- McMaster, K. L., Fuchs, D., Saenz, L., Lemons, C., Kearns, D. M., Yen, L., ...Fuchs, L. S. (2010). Scaling up PALS: Importance of implementing evidence-based practice with fidelity and flexibility. *New Times for DLD*, 28(1), 1–2, 4.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Mesmer, H. A. E. og Griffith, P. L. (2005). Everybody's selling it: But just what is explicit, systematic phonics instruction? *The Reading Teacher*, 59(4), 366–376.
- National Reading Panel. (2000). *Teaching Children to Read: An Evidence-based Assessment of the Scientific Research Literature on Reading and its Implications for Reading Instruction*. Washington: National Institute of Child Health and Human Development.
- Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2009). TALIS: Staða og viðhorf kennara og skólastjórnenda. Sótt af http://www.namsmat.is/vefur/eydublod/talis/1talis_island.pdf
- Scarborough, H. S. (1998). Predicting the future achievement of second graders with reading disabilities: Contributions of phonemic awareness, verbal memory, rapid naming, and IQ. *Annals of Dyslexia*, 48, 114–136.
- Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar. (2013). *Lesið í leik – læsisstefna leikskóla*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf
- Snow, C. E., Burns, M. S. og Griffin, P. (ritstjórar). (1998). *Preventing Reading Difficulties in Young Children*. Washington, DC: National Academy Press.

Um höfunda

Anna-Lind Pétursdóttir (annalind@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1996, embættisprófi í sálfræði frá sama skóla árið 2001 og doktorsprófi í sérkennslufræðum frá Minnesota-háskóla árið 2006. Rannsóknir hennar hafa beinst að úrræðum vegna frávika í þroska, námi eða hegðun barna og þjálfun starfsfólks í beitingu þeirra úrræða.

Kristín Helga Guðjónsdóttir (kristinhg@simnet.is) er kennari við Grunnskóla Snæfellsbæjar. Hún lauk B.Ed.-prófi í grunnskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vorið 2012 og M.Ed.-prófi í grunnskólakennarafræði frá sama sviði vorið 2014. Rannsóknin sem þessi grein byggir á var liður í meistaranámi hennar.

Efnisorð

leikskóli – samvinnunám – lestrarkennsla – sýn kennara

About the authors

Anna-Lind Pétursdóttir (annalind@hi.is) is an associate professor at the School of Education, University of Iceland. She finished her BA degree in psychology and cand.psych. degree from the University of Iceland in 1996 and 2001, respectively, and a Ph.D. in special education from the University of Minnesota in 2006. Her research interests include effective behavioral and instructional interventions for students with special needs.

Kristín Helga Guðjónsdóttir (kristinhg@simnet.is) is a teacher at Grunnskóli Snæfellsbæjar School in Ólafsvík, Iceland. She finished her B.Ed. degree in compulsory teacher education from the School of Education at the University of Iceland in 2012 and a M.Ed. degree in compulsory teacher education from the same School of Education in 2014. This research was conducted in partial fulfillment of her master's degree.

Key words

preschool – peer-assisted learning strategies – beginning reading – teachers' perception



Anna-Lind Pétursdóttir og Kristín Helga Guðjónsdóttir. (2015).
Pör að læra saman í leikskóla: Reynsla starfsfólks af K-PALS.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/005.pdf>